

Föstudaginn 18. febrúar 1972.

Nr. 156/1971. **Umbúðamiðstöðin h/f**  
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Helga Ólafi Björnssyni**  
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. og leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Umbúðamiðstöðin h/f, greiði stefnda, Helga Ólafi Björnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júní 1971.**

#### **I.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er höfðað með stefnu, dagsettri 6. júlí 1970.

Stefnandi málsins er Helgi Ólafur Björnsson offsetprentari, Frostaskjólí 13 hér í borg.

Stefndi er Umbúðamiðstöðin h/f hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum vangreidd laun að fjárhæð kr. 4.002.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 1.326.00 frá 20. febrúar 1970 til 20. marz sama árs og af kr. 4.002.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í greinargerð gerði stefndi þær dómkröfur aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Munnlegur málflutningur fór fram um framkomna frávísunarkröfu stefnda hinn 23. apríl 1971, og með úrskurði, uppkveðnum 30. apríl 1971, var frávísunarkröfunni hrundið.

Dómkröfur stefnda í þessum þætti málsins eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

## II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Málsatvik eru þau, að dagana 9.–11. febrúar 1970 var stefnandi máls þessa, sem vinnur sem offsetprentari hjá hinu stefnda hlutafélagi, óvinnufær vegna sjúkdóms, og dagana 4.—6. marz var hann óvinnufær vegna slyss. Samkvæmt 2. gr. kjarasamnings Offsetprentarafélags Íslands, stéttarfélags stefnanda, og Félags Offsetprentsmiðjueigenda frá 31. ágúst 1969 má eigi draga kaup af starfsmanni, þótt veikur sé allt að 14 dögum á ári. Hið stefnda félag hefur greitt stefnanda laun hans fyrir dagvinnu umrædda daga, en mótmælt kröfu hans um laun fyrir fasta aukavinnu, samtals 18 klst., en laun fyrir hana nema stefnukröfunni“.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. 10. febrúar 1970, 6 klukkustundir á 221.00 .. kr. 1.326.00
2. 4. marz 1970, 6 klukkustundir á 223.00 .. .. — 1.338.00
3. 7. marz 1970, 6 klukkustundir á 223.00 .. .. — 1.338.00

---

Samtals kr. 4.002.00

Ofangreindur kjarasamningur hefur verið lagður fram í málinu, dskj. nr. 4. Í 2. gr. hans segir svo:

„Veikindi: Eigi má draga kaup af starfsmanni, þótt veikur sé

allt að 14 dögum á ári, en skylt er honum að sanna veikindi sín með læknisvottorði. Offsetprentari, sem verið hefur skemur en 1 ár í þjónustu atvinnurekanda, fær veikindadaga í hlutfalli við þann tíma, sem hann hefur unnið.

Frá 1. janúar 1966 skulu ónotaðir veikindadagar greiddir Offsetprentarafélagi Íslands til geymslu um hver áramót.

Um hver áramót skal atvinnuveitandi gefa starfsmanni viðurkenningu fyrir ónotuðum veikindadögum hans“.

Í greinargerð af hálfu stefnanda er m. a. skýrt svo frá:

„Krafan í máli þessu er vegna aukavinnulauna, en aukavinna var unnin hjá stefnda reglulega annan hvern dag. Miðað er við daga, sem aukavinna var raunverulega unnin, og fellur því einn dagur á fyrra tímabilið, en tveir á hið síðara, þótt þau væru jafnlöng. Ekki er vitað til, að vefengt sé af stefnda, að stefnandi hefði unnið umrædda aukavinnu, ef hann hefði verið heill heilsu umrædda daga. Stefnandi telur, að skýra beri samningsákvæði í 2. gr. samningsins á dskj. nr. 4 í samræmi við 4. gr. laga nr. 16/1958, enda eigi hann rétt til greiðslunnar samkvæmt lögunum, hvernig sem samningurinn yrði skýrður. Þá er á það bent, að árlegir veikindadagar offsetprentara eru helmingi færri en hjá öllum þorra launþega, og því fráleitt, að sá skilningur fái staðizt, sem fram mun hafa komið hjá stefnda, að offsetprentarar njóti betri kjara að þessu leyti en launþegar almennt“.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 7. maí 1971 skýrt svo frá varðandi yfirvinnu á vinnustaðnum:

„Þannig var, að við vorum fjórir sveinar í offsetprentun, og unnum við þannig, að annan daginn unnu allir til hálf fimm, þá fóru tveir heim, en hinir héldu áfram og unnu til hálf ellefu, þannig að annan hvern dag unnum við sex klukkustundir í yfirvinnu, tveir sveinar. Það hittist svoleiðis á, að þann 10. febrúar 1970 mundi ég hafa átt að vinna yfirvinnu, ef ég hefði ekki verið veikur, og sama er að segja um dagana 4. marz og 6. marz. Nefnda daga var yfirvinna unnin. Mér er um það kunnugt, að einhver hinna þriggja offsetprentara hlupu í skarðið fyrir mig og unnu sex klukkustunda yfirvinnu nefnda þrjá daga. Ég get ekki nú upplýst, hverjir það voru“.

Stefnandi, sem kveðst hafa ráðizt til stefnda 1. september 1967 og kveðst vinna þar ennþá, segir, að á árunum 1968 og 1969 hafi verið mjög mikil yfirvinna hjá stefnda og tiltölulega reglubundin. Minnir hann, að yfirvinnan hafi verið stöðug þar til í

maí 1970, en þá hafi lærlingur komið til vinnu úr skóla og hafi yfirvinna þá dreifzt meir. Hann tekur fram, að enn sé unnin allmikil yfirvinna hjá stefnda, enda þótt hún skiptist á fleiri offsetprentara, en þeir offsetprentararnir skipti sjálfir yfirvinnunni á milli sín á þann hátt, að sem mesti jöfnuður sé á með þeim um yfirvinnuna.

Pálmi Viðar Samúelsson, verksmiðjustjóri stefnda, hefur hér fyrir dómi hinn 7. maí 1971 skýrt svo frá, að hann hafi unnið hjá stefnda, frá því að rekstur hófst þar á árinu 1967. Hann segir, að við offsetprentvél þá, sem stefnandi vinni við, vinni alltaf þrír menn í einu og að jafnaði sé hún látin ganga til kl. 1030 á kvöldin. Vélin sé mikið notuð. Ekki sé nægilegt starfslið til þess að hafa fullkomnar tvær vaktir við vélinu. Af þessum sökum og til þess að „skaffa“ offsetprenturum aukavinnu, hafi jafnan verið hafður sá háttur á, að reglubundin yfirvinna hafi verið hjá offsetprenturum við vél þessa. Offsetprentararnir skipti sjálfir á milli sín yfirvinnunni, sem til falli. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort stefnandi mundi hafa unnið yfirvinnu þá daga, sem stefnt er fyrir, ef stefnandi hefði ekki verið frá vinnu vegna veikinda, en tekur fram, að það geti vel verið. Hann telur alls ekki ólíklegt, að stefnanda hafi áskotnast yfirvinna fyrir þá yfirvinnu, sem hann missti við veikindin, eftir að hann kom aftur til vinnunnar eftir veikindin. Hann þekkir engin dæmi þess, að offsetprenturum hafi verið greidd yfirvinna á veikindadögum, enda þótt þeir hafi unnið reglubundna yfirvinnu. Þeim hafi aðeins verið greitt fast dagkaup, á meðan þeir hafi verið frá vinnu vegna veikinda.

Jóhann Guðmundsson offsetprentari hefur hér fyrir dómi hinn 7. maí 1971 skýrt svo frá, að hann hafi verið starfsmaður stefnda frá 13. marz 1968 og vinni þar enn. Hann segir, að tiltölulega reglubundin yfirvinna hafi verið unnin hjá stefnda, allt frá því að vitnið byrjaði að starfa þar, en mismunandi eftir því, hve margir starfsmenn hafi verið við umrædda vél. Ákveðið hafi verið, að vélin væri látin ganga til kl. 1030 á kvöldin. Hafi þeim offsetprenturunum verið gefin heimild til að skipta niður yfirvinnunni, sem inna þurfti af hendi við vélinu. Þeir hafi venjulega gert áætlun um hálf mánaðar tíma fyrirfram, hvernig yfirvinnan skyldi skiptast þeirra á milli. Hafi áætlunin verið skráð á miða, sem festur hafi verið upp hverju sinni. Öll unnin yfirvinna hafi síðan verið skráð í sérstaka yfirvinnubók.

## III.

Varnarástæður stefnda eru aðallega tvær. Í fyrsta lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi þegar fengið greitt fast dagvinnukaup sitt og ekkert sé upplýst í máli þessu, hvort eða hve mikla eftirvinnu stefnandi hefði verið látinn vinna á því tímabili, sem hann var fjarverandi. Í öðru lagi eigi venja sú, sem til er varðandi veikindadaga, almennt ekki við í þessu tilviki, þar sem fyrirkomulag það, sem er á greiðslu veikindadaga til offsetprentara, sé hagkvæmara en það fyrirkomulag, sem almennt gildi. Í því sambandi er lögð áherzla á það af hálfu stefnda, að stefnandi viðurkenni, að ónotaðir veikindadagar séu aðeins greiddir með dagvinnukaupi, sbr. 2. gr. kjarasamningsins.

Ef stefndi yrði með dómi skyldaður til að greiða yfirvinnu í veikindatilfellum, væru brostnar forsendur fyrir því að haga eftirvinnunni með þeim hætti, sem verið hefur, og mundi þá ekki verða hjá því komið að taka upp vaktavinnu, sem að sumu leyti kynni að verða óhagstæðari vinnutilhögun fyrir stefnanda.

## IV.

Dómarinn hefur haft til athugunar yfirvinnubók stefnda, sem nær yfir tímabilið frá 11. nóvember 1969 til 19. júlí 1970. Úrdrættir úr yfirvinnubókinni fyrir mánuðina janúar, febrúar, marz og apríl 1970 liggja frammi í málinu.

Fram kemur, að árið 1970 hefst vinna 5. janúar, og er yfirvinna unnin þann dag og alla síðari daga mánaðarins að undanskyldum dögum 12., 17., 24. og 25. Í febrúar hefur yfirvinna verið unnin alla daga mánaðarins nema laugardaginn 14. og sunnudaginn 15. Í marz var yfirvinna unnin alla daga mánaðarins nema laugardaginn 7. og sunnudaginn 8., og ekki var yfirvinna unnin frá því á skírdag og fram á annan í páskum, en þeir dagar voru 26.—30. Í apríl var yfirvinna alla daga mánaðarins nema sunnudagana 5. og 12. og laugardaginn 11. Að meginstefnu til er yfirvinnan 6 klst., stundum lengur, en sjaldnar skemur. Hefur yfirvinnan að jafnaði skipzt á milli fjögurra offsetprentara, þannig að annan daginn hefur stefnandi unnið við annan mann, en hinn daginn aðrir tveir. Hinn 10. marz, þ. e. þann dag, sem um ræðir í málinu, vann annar maðurinn aðeins 2 klst. Er því haldið fram af stefnanda, að þar hafi verið um staðgengil hans að ræða og af einhverjum sérstökum ástæðum hafi þessi maður ekki getað verið lengur en 2 klst.

Stefnandi telur samkvæmt þessu sannað, að hann mundi hafa

unnið aukavinnu daga þá, sem stefnt er út af, ef hann hefði ekki verið fjarverandi.

Þegar gögn málsins eru virt, verður að telja, að stefnandi hafi fært líkur að því, að hann mundi hafa unnið 6 klst. yfirvinnu alla hina tilgreindu daga, ef hann hefði ekki verið fjarverandi vegna veikinda sinna.

Verður þá næst vikið að þeirri varnarástæðu stefnda, að fyrirkomulag það, sem er á greiðslu kaups til offsetprentara, þegar þeir forfallast frá vinnu vegna sjúkdóms, sé hagkvæmara en það fyrirkomulag, sem almennt gildir.

Í 6. gr. laga nr. 16/1958 segir: „Ákvæði laga þessara hagma ekki samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega um greiðslur atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra“.

Á dómsskjali nr. 11 eru reglur sjúkra- og styrktarsjóðs Offsetprentarafélags Íslands. Í 3. gr. reglnanna kemur fram, að tekjur sjóðsins eru m. a. greiðslur atvinnurekenda til sjóðsins á ónotuðum veikindadögum hvers félagsmanns O. P. Í. samkvæmt kjarasamningi.

Skýra verður ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. áðurgreinds kjarasamnings þann veg, að þar sé um að ræða greiðslur atvinnurekanda á sjúkrapeningum í skilningi 6. gr. laga nr. 16/1958.

Þegar nefnd ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. kjarasamningsins hafa verið skýrð á þennan hátt, hefur stefndi gegn mótmælum stefnanda ekki sannað, að fyrirkomulag það, sem er á greiðslu launa til offsetprentara, þegar þeir forfallast frá vinnu sökum veikinda, sé hagstæðara en almennt gildir, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1968.

Að svo vöxnu máli og með vísan til 4. gr. laga nr. 16/1958 ber að taka kröfu stefnanda til greina.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 4.002.00 með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 7% ársvexti frá 20. marz 1970 til greiðsludags, en með tilliti til málavaxta allra þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Umbúðamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Helga Ólafi Björnssyni, kr. 4.002.00 með 7% ársvöxtum frá 20. marz 1970 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 23. febrúar 1972.

Nr. 8/1971.

**Ragnar Guðmundsson**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

**Sigurði Halldórssyni**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Fasteignakaup. Vanheimild. Skaðabætur. Sýkna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 60.000.00 með 7% ársvöxtum frá 29. apríl 1967 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi eru sönnur að því leiddar gegn niðurstöðum matsgerða þeirra, er í málinu greinir, að áfrýjandi hafi beðið fjárhagslegt tjón af því, að hann varð eigi einn eigandi að háaloftinu yfir íbúð þeirri, er hann keypti af stefnda.

Ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.